



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/106
komudagur 10.11.2006

Reykjavík, 10. nóvember 2006
R05040108
175
GE/isd

Nefndasvið Alþingis - Menntamálanefnd
Elísabet Rán Andrésdóttir, nefndaritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Frumvörp til laga um Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Á fundi borgarráðs 9. þ.m. var lögð fram umsögn skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu frá 7. s.m. um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands, sbr. bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 20. f.m.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Afrit:
Stjórnsýslu- og starfsmannasviðs
Lögfræðiskrifstofa



Borgarráð

Frumvörp til laga um Ríkisútvarpið og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Með bréfi menntamálanefndar Alþingis, dags. 20. október sl., var óskað umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Undirrituð hefur farið yfir frumvörpin og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.

Athugasemd er gerð við ákvæði I. til bráðabirgða sem fjallar um stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins leggur ríkissjóður allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins. Til eigna Ríkisútvarpsins telst lóð stofnunarinnar við Efstaleiti. Borgarráð samþykkti þann 19. október sl. svohljóðandi tillögu:

Borgarráð samþykkir að ganga eftir því að vannýttum lóðum við húsnæði Ríkisútvarpsins við Efstaleiti verði skilað til Reykjavíkurborgar, þannig að þar megi skipuleggja atvinnulóðir.

Umrædd lóð við Efstaleiti tók mið af áætlunum sem gerðu ráð fyrir miklu meiri uppbyggingu í þágu útvarps og sjónvarps en raunin hefur orðið. Fyrir hálfum öðrum áratug voru áætlanir Ríkisútvarpsins yfirfarnar og varð niðurstaða þeirrar yfirferðar að nyrsti hluti lóðarinnar við Efstaleiti gekk aftur til Reykjavíkurborgar þar sem þarfir Ríkisútvarpsins fyrir landsvæði undir fyrirhugaða uppbyggingu reyndust ekki jafnmiklar og upphaflega var áætlað þegar stofnuninni var ákveðin staðsetning við Efstaleiti. Nú er ljóst að ekki verður af frekari uppbyggingu Ríkisútvarpsins á lóðinni og því brostnar forsendur fyrir úthlutun svo stórrar lóðar. Það er því afar óeðlilegt að gert sé ráð fyrir að sá hluti lóðarinnar, sem ekki nýttist undir starfsemi Ríkisútvarpsins, gangi til hlutafélagsins Ríkisútvarpið ohf. Veruleg ásókn er í atvinnulóðir miðsvæðis í borginni og slíkar lóðir að sama skapi af skömum skammti. Þegar sveitarfélög afhenda opinberum aðilum verðmætar lóðir undir opinbera starfsemi, jafnvel án endurgjalds, verður að gera þá kröfu til hinna sömu opinberu aðila að þeir skili þessum sömu lóðum eða hluta þeirra hafi þeir ekki þörf fyrir þær, en að slíkar lóðir verði ekki hluti af eignum hlutafélaga, sem kunna að verða stofnuð um hina opinberu starfsemi. Skiptir þar engu þótt menn kjósi að mynda um viðkomandi starfsemi “opinbert hlutafélag” eins og ráðgert er varðandi Ríkisútvarpið ohf. Hlýtur Reykjavíkurborg að krefjast þess að sá hluti lóðar Ríkisútvarpsins ohf. sem ekki er þegar nýttur undir húsnæði Ríkisútvarpsins verði skilað til Reykjavíkurborgar en gangi ekki til Ríkisútvarpsins ohf. eins og ákvæðið gerir ráð fyrir.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands

Gerð er athugasemd við við þá fyrirætlan frumvarpsins að skylda Reykjavíkurborg áfram að lögum til að bera 18% rekstrarkostnaðar við Sinfóníuhljómsveitina. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að greiðslubátttaka Ríkisútvarpsins og Seltjarnarnesbæjar verði afnumin. Þess í stað beri ríkið ber 82% rekstrarkostnaðar við hljómsveitina og Reykjavíkurborg 18% eins og verið hefur. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að bæjarstjórn Seltjarnarness hafi ítrekað mótmælt greiðslubátttöku sveitarfélagsins að lögum og að með frumvarpinu sé verið að koma til móts við þessar óskir Seltjarnarnessbæjar. Þá kemur fram að áfram sé gert ráð fyrir greiðslubátttöku Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og talin fram sem rök að nán samvinna sé milli ríkisins og Reykjavíkurborgar á ýmsum sviðum menningarstarfsemi, svo sem vegna Listahátíðar í Reykjavík og nú síðast samstarfsverkefni ríkis og Reykjavíkurborgar um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík þar sem m.a. hljómsveitin mun hafa aðstöðu.

Vegna þessara athugasemda er minnt á að borgarráð ályktaði þann 12. ágúst 2003, í framhaldi af útgáfu skýrslu um fjárhag og rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem út kom í maí 2003, að Reykjavíkurborg ætti að hætta þátttöku í rekstri hljómsveitarinnar með þeim hætti sem nú gildir.

Það gengur gegn sjálfsforræðisrétti Reykjavíkurborgar að kveðið sé á um það í lögum að Reykjavíkurborg sé, eitt sveitarfélaga skuldbundin til þátttöku í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar sem nemur 18%. Er minnt á að Reykjavíkurborg hefur að öðru leyti ekkert um rekstur hljómsveitarinnar að segja og hefur engin tók á að hafa um hann nein áhrif. Reykjavíkurborg á að taka ákvörðun um slíkan stuðning á eigin forsendum, eins og reyndar gildir um allt hið mikla samstarf sem vitnað er til í athugasemdum með frumvarpinu sem sérstök rök fyrir því að Reykjavíkurborg skuli áfram, að lögum, vera skylt að greiða þennan hlut í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Í öllu þessu samstarfi hafa Reykjavíkurborg og ríkið samið um samstarf á sviði menningarmála, nú síðast með samningi um byggingu tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfn í Reykjavík. Þar er hlutur Reykjavíkurborgar 46% á móti 54% hlut ríkisins. Reykjavíkurborg styður kröftuglega við menningarstarf í borginni, oft í góðu samstarfi við ríkið. Ekki hefur þurft að kveða á um þennan stuðning Reykjavíkurborgar í lögum. Reykjavíkurborg hefur, m.a. í ljósi höfuðborgarhlutverks síns, tekið ákvarðanir á eigin forsendum um þennan stuðning.

Er það því í hrópanði ósamræmi við sjálfsákvörðunarrétt Reykjavíkurborgar, sem varinn er af 78. gr. stjórnarskrárinnar, að enn skuli kveðið á um lagaskyldu Reykjavíkurborgar til stuðnings við Sinfóníuhljómsveit Íslands í stað þess að Reykjavíkurborg semji við hljómsveitina og ríkið um með hvaða hætti Reykjavíkurborg skuli koma að rekstri hljómsveitarinnar.



Kristbjörg Stephensen, hdl.
skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu